

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið, verða gerð eða hitaveitan kann að yfirtaka á veitusvæði sínu, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem tengt er við veitukerfi hennar í té vatnsmagn sem ætla má að dugi til neysluvatnsnota og upphitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan selur einnig heitt vatn til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir, enda séu gerðir sérstakir samningar um slíka sölu er taki mið af gjaldskrá þessari og reglugerð um hitaveituna.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun á heita vatninu eru sem hér segir:

- a) Íbúðar- og atvinnuhúsnæði, annað en gróðurhús, greiddast fyrir hvern m³ kr. 30,00
- b) Fyrir gróðurhús, greiddast fyrir hvern m³ kr. 4,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- a) Fyfir mæla til og með ¾" kr. 358,00
- b) Fyrir mæla 1" og stærri kr. 900,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. (sbr. einnig 2. gr.) verða krafín fyrir hvert tveggja mánaða tímabil. Gjaldldagi er 10. dagur næsta mánaðar, eftir hvert tímabil og eindagi er 10 dögum síðar. Á öll vanskil reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir á hverjum tíma.

6. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 49 500, fyrir hvert hús að hámarki 600 m³. Sé um stærri hús að ræða komi til sérstakt samkomulag, enda sé tekið tillit til vatnsnotkunar.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimædagjaldið gjaldfallið. Eindagi gjaldsins er 30 dögum síðar. Heimilt er hitaveitunni að veita frekari gjaldfrest, enda sé um það gerður sérstakur samningur, þar sem m.a. er kveðið á um vexti og verðbætur.

8. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta öllum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir greiðslu hitaveitugjalda. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna

með sannanlegum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný skal sá greiða er vanskilum veldur, kr. 2 000 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar er hvenær sem er heimill aðgangur að öllum hlutum hitakerfa þeirra sem tengd eru við vatnsæðar hitaveitunnar. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 626, 22. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júní 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	5,75	(7,16)	kr/kWst
Fastgjald	2 100,00	(2 614,50)	kr/ár

A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Orkugjald	7,50	(9,34)	kr/kWst
Fastgjald	4 300,00	(5 353,50)	kr/ár

B. Aflltaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	2,08	(2,59)	kr/kWst
Aflgjald	7 700,00	(9 586,50)	kr/kW/ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

Orkugjald miðast við að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasvixsstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.